

**73. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,  
haldinn 9. febrúar 2000, að Austurvegi 56, Selfossi kl. 9:30.**

Mætt: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sesselja Jónsdóttir, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri, og Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur.

Dagskrá:

**1. Markmiðssetning Sorpstöðvarinnar.**

Lögð fram drög 2 að markmiðum og stefnu Sorpstöðvar Suðurlands bs. Samþykkt að vísa drögum sem tillögu stjórnar til aðalfundar.

**2. Samanburður á gjaldskrá sveitarfélaga.**

Guðmundur Tryggvi gerði grein fyrir kostnaði sveitarfélaga vegna hirðu og eyðingar á úrgangi 1998. Heildarkostnaður er á milli 90 og 100 milljónir króna en tekjur sveitarfélaganna vegna þessarar starfsemi er helmingi lægri eða tæpar 50 milljónir króna. Meðalkostnaður er um 7 þúsund krónur á íbúa. Samþykkt að kynna þessi mál frekar á aðalfundi.

**3. Frágangur og endanlegt útlit á urðarsvæði.**

Guðmundur Karl Guðjónsson frá Verkfræðistofu Suðurlands kom á fundinn og gerði grein fyrir fyrstu hugmyndum að landslagsmótun og yfirborðsfrágangi við Sorpstöð Suðurlands í land Kirkjuferjuhjáleigu, sem hann hefur unnið að í samvinnu við Odd Hermannsson landslagsarkitekt.

Þeim félögum falið að útfæra tillögurnar nánar. Tillögurnar verði lagðar fram á næsta fundi.

**4. Ársreikningur 1999.**

Drög að ársreikningi kynntur.

**5. Fjárhagsáætlun 2000.**

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun ásamt þriggja ára áætlun til 2003.

Samþykkt að vísa áætluninni til aðalfundar til endanlegrar afgreiðslu.

**6. Aðalfundur 2000.**

Samþykkt að halda aðalfund, þriðjudaginn 7. mars nk. kl. 14:00 í fundarsal SASS, Selfossi.

**7. Málefni Kjötmjöls.**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu mála.

Staðfest heimild til framkvæmdastjóra að ábyrgjast skammtímafjármögnun, fyrir hönd Sorpstöðvarinnar, vegna Kjötmjöls.

Þangað til að unnt verður að þinglýsa skuldabréfi á vélar og fasteign Kjötmjöls.

**8. Önnur mál.**

**a. Kynnt erindi frá Plastmótun, Læk, Ölfusi, um fyrirhugaða endurvinnsluverksmiðju.**

Framkvæmdastjóra falið að kanna málið í samráði við Atvinnuþróunarsjóð Suðurlands.

**b. Næsti fundur ákveðinn 22. febrúar nk.**

Fundi slitið kl. 12:10.

Karl Björnsson.

Sesselja Jónsdóttir.

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Þorvarður Hjaltason.